



Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara  
Ráðhús Reykjavíkur

**Afgreiðslubréf: Samkomulagi um forgangsröðun og uppsetningu öryggismyndavéla**

Á fundi borgarstjórnar þann 21. mars 2023 var lagður fram 3. liður fundargerðar borgarráðs frá 9. mars; samkomulag um öryggismyndavélar í miðborg Reykjavíkur.

Borgarstjórn samþykkti svohljóðandi breytingartillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar á samkomulaginu með nítján atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar gegn tveimur atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

Lagt er til að 7.gr. samkomulagsins um gildistöku og gildistíma hljóði svona: Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir fram til 31. desember 2023. Samkomulag þetta kemur í stað fyrra samkomulags aðila um sama verkefni. Myndavélar sem settar voru upp sem hluti af því samkomulagi falla undir samkomulag þetta. Samkomulag þetta endurnýjast sjálfkrafa í eitt ár í senn hafi því ekki verið sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara, þ.e. fyrir 1. nóvember ár hvert en þó aldrei lengur en til 5 ára.

Borgarfulltrúar Flokks fólksins og Vinstri grænna sátu hjá við afgreiðslu tillögunnar.

Samkomulag um öryggismyndavélar í miðborg Reykjavíkur var samþykkt svo breytt með sextán atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Samfylkingarinnar, Framsóknar, Viðreisnar gegn fjórum atkvæðum borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, Kristins Jóns Ólafssonar og Elísabetar Guðrúnar Jónsdóttur, borgarfulltrúa Pírata. Borgarfulltrúar Flokks fólksins, Vinstri grænna og Magnús Davíð Norðdahl, borgarfulltrúi Pírata sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Það tilkynnist hér með.

Helga Björk Laxdal  
e.u.